

13. nóvember, 2023

## **Greinargerð til fjárlaganefndar**

### **Í hnotskurn**

Samtökin '78 hafa vaxið afar hratt á síðustu árum. Vöxturinn hefur ekki einskorðast við ákveðið svið innan Samtakanna, heldur hafa allir þjónustupættir vaxið mikið. Til Samtakanna '78 leitar fjölbreyttur hópur, allt frá viðkvæmstu jaðarhópum til sérfræðinga innan stjórnkerfisins. Samtökin hafa það að markmiði að þjónusta öll, óháð bakgrunnsbreytum, á faglegan hátt.

*Markmið þessarar greinargerðar er að hefja samtal við fjárlaganefnd Alþingis.*

Undirritaður vill fyrst og fremst þakka háttvirtri fjárlaganefnd fyrir afar gott samtál og samstarf síðustu árin. Það er ekki launungarmál að sá fjárstyrkur sem komið hefur frá nefndinni hafi gert það að verkum að Samtökin '78 geta sinnt hlutverki sínu, og jafnframt margfaldað umfang sitt þegar kemur að fjölbreyttri þjónustu – hinsegin fólki, og samfélaginu öllu til heilla. Sá fjárstyrkur sem fjárlaganefnd hefur látið okkur í té hefur ekki einungis runnið beint inn í stærstu þjónustuhluta Samtakanna, þ.e. ráðgjafþjónustu, stuðningshópa, fræðslustarf og ungmennastarf, heldur veitt okkur tækifæri til að fjárfesta í framtíðinni.

Samtökin '78 tóku hluta fjármagns frá fjárlaganefnd og hófu vegferð að safna mánaðarlegum styrktaraðilum. Það er ekki frásögu færandi nema að nú er þessi fjárfesting að skila sér til baka því á árinu 2022 má gera ráð fyrir að rúmar 15 milljónir renna til Samtakanna í gegnum verkefnið, og á árinu 2023 er hægt að gera ráð fyrir yfir 20 milljónum. Því má með sanni segja að því fé sem fjárlaganefnd veitti Samtökunum hefur bæði farið í mikilvæga þjónustu og margfaldast á sama tíma.

Í raun má segja að Samtökin '78 standi á ákveðnum krossgötum. Á aðeins sex árum höfum við margfaldað umfang okkar, þjónustu og rekstur. Með betri samningum við hið opinbera, aukið sjálfsaflafé og góðvild nokkurra fyrirtækja höfum við rétt náð að halda í við verkefnið, sem verða fleiri með hverjum degi. Það er vert að taka fram að Samtökin '78 fá enga opinbera styrki, nema þann frá fjárlaganefnd, heldur er allt fé sem kemur frá opinberum aðilum til Samtakanna bundið í samningum. Vegna þessa þurftu Samtökin að bregðast hratt við og ná að safna lausaféi til að vera í stakk búin fyrir fleiri og fjölbreyttari verkefni.

Það dapurlega er þó að þrátt fyrir að við höfum skipulagt okkur vel til að bregðast við ófyrirséðum aðstæðum, og þrátt fyrir að hafa fjölgað starfsfólki og verktökum, þá höfum við ekki verið undirbúin fyrir það bakslag sem á sér stað í hinsegin baráttunni um þessar mundir. Undirritaður telur að hann þurfi ekki að telja upp öll þau mýmörgu dæmi um bakslagið, en mörg þeirra hafa komið fram í fjölmiðlum – þó alls ekki öll.

## Mikilvægi þjónustunnar

Raunveruleikinn er þó sá að hinsegin fólk er mun líklegra til þess að líða illa, vera haldið kvíða, vera þunglynt, stunda sjálfsskaða, búa við félagslega einangrun, gera tilraunir til sjálfsvíga og taka eigið líf. Einnig sýna rannsóknir að það að burðast „inni í skápnum“ getur verið það erfitt að fólk finnur það aldrei hjá sér að „koma út“ og kúls frekar að „deyja í skápnum“. Aukinheldur er streita og kvíði meiri hjá þessum hópi heldur en samanburðarhópum, og má það rekja til þess að samfélagið okkar er byggt upp af sís og gagnkynhneigðum viðmiðum þar sem þau sem eru ekki hluti af þeim hópi eru „öðruvísi“ og „minna virði“ en aðrir. Að alast upp í því umhverfi, og lifa í því umhverfi getur tekið mikið á einstaklinga. Í fylgiskjali við þessa greinargerð er bent á nokkrar rannsóknir máli okkar til stuðnings.


Þessar rannsóknir sem vísað er í sýnir brýna þörf á því að einstaklingar geti leitað sér ráðgjafar, t.d. til Samtakanna '78. Á sama tíma og Samtökin sinna þessari ráðgjöf þá er óskastaða okkar sú að öll þau sem sinna félagsráðgjöf eða sálfræðiþjónustu eigi að hafa þekkingu á hinseginleikanum. Sú er því miður ekki raunin í dag, og eru Samtökin enn að taka á móti fólk sem t.d. getur ekki nýtt sér almenna þjónustu þar sem mikill skortur er á þekkingu á raunveruleika hinsegin fólks. Samtökin '78 vilja þó lýsa yfir að áhugi þeirra er mikill að þróa fræðsluefni fyrir fagfólk og efla ráðgjöf til fagaðila um muna. Það er þó eitt af þeim verkefnum sem því miður hefur setið á hakanum í þessum öra vexti.

## Að lokum

Það er ósk okkar að fleiri ráðuneyti geri samstarfssamning við Samtökin '78, líkt og forsætisráðuneytið hefur gert. Innihald samninganna er þó mismunandi enda afar fjölbreytt verkefni sem Samtökin '78 sinna. Unnið er að samstarfssamningi til lengri tíma við forsætisráðuneytið, um afmörkuð verkefni. Það er von okkar að fjárlaganefnd Alþingis geti stigið inn í með tímabundnum styrk til Samtakanna '78 eins fljótt og kostur er, enda Samtökin rekin með umtalsverðum halla og eiga í erfiðleikum með að sinna grunnhlutverki sínu. Það væri mikið högg fyrir viðkvæman jaðarhóp að missa þjónustu Samtakanna, en ef fram fer sem horfir þá þurfa Samtökin líklega að skera niður þjónustu strax á næsta ári ef ekkert verður aðhafst af stjórnvöldum.

Samtökin '78 eru þakklát stjórnvöldum fyrir þá þjónustusamninga sem við höfum, og þá styrki sem hafa komið á síðustu árum. Þessu fjármagni hefur verið afar vel varið og allt lagt inn í grunnstarfsemina. Samtökin hafa reynt til hins ítrasta að fjármagna aðra þætti félagasamtakanna, þ.e. hagsmunabaráttuna, viðburði, félagsstarfið, menningu, sögu, rekstur skrifstofu o.fl. en hafa ítrekað tekið fjármagn sem þangað fer og sett í grunnstarfsemina. Það gengur engan veginn til lengdar. Undirritaður bendir á ársskýrslu Samtakanna '78 því verkefni eru afskaplega mörg og aðeins tæpt á einu sviði þeirra hér í þessari greinargerð.

Virðingarfyllt,



Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri

## Dæmi um rannsóknir og greinar

Crenshaw, K. (1991). Mapping the margins: Intersectionality, identity politics, and violence against women of color. *Stanford Law Review*, 43(6), 1241-1299.

Cyrus, K. (2017). Multiple minorities as multiply marginalized: Applying the minority stress theory to LGBTQ people of color. *Journal of Gay & Lesbian Mental Health*, 21(3), 194-202.

DeChants, J. P., Price, M. N., Green, A. E., Davis, C. K., & Pick, C. J. (2022). Association of updating identification documents with suicidal ideation and attempts among transgender and nonbinary youth. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 19(9), 5016.

Dessel, A. B., Kulick, A., Wernick, L. J., & Sullivan, D. (2017). The importance of teacher support: Differential impacts by gender and sexuality. *Journal of Adolescence*, 56, 136-144.

Eccles, J. S., Barber, B. L., Stone, M., & Hunt, J. (2003). Extracurricular activities and adolescent development. *Journal of Social Issues*, 59(4), 865-889.

Green, A. E., DeChants, J. P., Price, M. N., & Davis, C. K. (2021). Association of gender-affirming hormone therapy with depression, thoughts of suicide, and attempted suicide among transgender and nonbinary youth. *Journal of Adolescent Health*, 1-7.

Green, A. E., Price, M. N., & Dorison, S. H. (2021). Cumulative minority stress and suicide risk among LGBTQ youth. *American Journal of Community Psychology*, 1-12.

Green, A. E., Price-Feeney, M., & Dorison, S.H. (2019). National Estimate of LGBTQ Youth Seriously Considering Suicide. New York, New York: The Trevor Project.

Green, A. E., Price-Feeney, M., & Dorison, S. H. (2021). Association of sexual orientation acceptance with reduced suicide attempts among lesbian, gay, bisexual, transgender, queer, and questioning youth. *LGBT health*, 8(1), 26-31.

Green, A. E., Price-Feeney, M., Dorison, S. H., & Pick, C. J. (2020). Self-reported conversion efforts and suicidality among US LGBTQ youths and young adults, 2018. *American Journal of Public Health*, 110(8), 1221-1227.

Haas, A. P., Eliason, M., Mays, V. M., Mathy, R. M., Cochran, S. D., D'Augelli, A. R., Silverman, M. M., Fisher, P. W., Hughes, T., Rosario, M., Russell, S. T., Malley, E., Reed, J., Litts, D. A., Haller, E., Sell, R. L., Remafedi, G., Bradford, J., Beautrais, A. L., Brown, G. K., ... Clayton, P. J. (2011). Suicide and suicide risk in lesbian, gay, bisexual, and transgender populations: review and recommendations. *Journal of homosexuality*, 58(1), 10-51. <https://doi.org/10.1080/00918369.2011.534038>

Hedegaard, H., Curtin, S.C., & Warner, M. (2018). Suicide mortality in the United States, 1999-2017. *National Center for Health Statistics Data Brief*, 330, Hyattsville, MD: National Center for Health Statistics.

Johns, M. M., Lowry, R., Andrzejewski, J., Barrios, L. C., Zewditu, D., McManus, T., et al. (2019). Transgender identity and experiences of violence victimization, substance use, suicide risk, and sexual risk behaviors among high school student-19 states and large urban school districts, 2017. *Morbidity and Mortality Weekly Report*, 68(3), 65-71.

Johns, M. M., Lowry, R., Haderxhanaj, L. T., et al. (2020). Trends in violence victimization and suicide risk by sexual identity among high school students — Youth Risk Behavior Survey, United States, 2015-2019. *Morbidity and Mortality Weekly Report*, 69,(Suppl-1):19-27.

Katz-Wise, S. L., Rosario, M., & Tsappis, M. (2016). Lesbian, gay, bisexual, and transgender youth and family acceptance. *Pediatric Clinics of North America*, 63(6), 1011-1025.

Meyer, I. H. (2003) Prejudice, social stress, and mental health in lesbian, gay, bisexual populations: Conceptual issues and research evidence. *Psychological Bulletin*, 129(5), 674-697.

Parra, L. A., Bell, T. S., Benibgui, M., Helm, J. L., & Hastings, P. D. (2018). The buffering effect of peer support on the links between family rejection and psychosocial adjustment in LGB emerging adults. *Journal of Social and Personal Relationships*, 35(6), 854-871.

Price-Feeney, M., Green, A. E., & Dorison, S. (2020). Understanding the mental health of transgender and nonbinary youth. *Journal of Adolescent Health*, 66(6), 684-690.

Price-Feeney, M., Green, A. E., & Dorison, S. H. (2021). Impact of bathroom discrimination on mental health among transgender and nonbinary youth. *Journal of Adolescent Health*, 68(6), 1142-1147.

Ramchand, R., Schuler, M. S., Schoenbaum, M., Colpe, L., & Ayer, L. (2021). Suicidality among sexual minority adults: Gender, age, and race/ethnicity differences. *American Journal of Preventive Medicine*. <https://doi.org/10.1016/j.amepre.2021.07.012>

Ryan, C., Huebner, D., Diaz, R. M., & Sanchez, J. (2009). Family rejection as a predictor of negative health outcomes in white and Latino lesbian, gay, and bisexual young adults. *Pediatrics*, 123(1), 346-352.

The Trevor Project. (2019). Research Brief: Bisexual Youth Experience. <https://www.thetrevorproject.org/research-briefs/bisexual-youth-experience/>

The Trevor Project. (2019). Research Brief: Accepting Adults Reduce Suicide Attempts Among LGBTQ Youth. <https://www.thetrevorproject.org/research-briefs/accepting-adults-reduce-suicide-attempts-among-lgbtq-youth/>

The Trevor Project. (2020). 2020 National Survey on LGBTQ Youth Mental Health. <https://www.thetrevorproject.org/wp-content/uploads/2020/07/The-Trevor-Project-National-Survey-Results-2020.pdf>

The Trevor Project. (2020). Research Brief: American Indian/Alaskan Native Youth Suicide Risk. <https://www.thetrevorproject.org/research-briefs/american-indian-alaskan-native-youth-suicide-risk>

The Trevor Project. (2020). Research Brief: LGBTQ & Gender-Affirming Spaces. <https://www.thetrevorproject.org/research-briefs/lgbtq-gender-affirming-spaces/>

The Trevor Project. (2021). Research Brief: Bullying and Suicide Risk among LGBTQ Youth. <https://www.thetrevorproject.org/research-briefs/bullying-and-suicide-risk-among-lgbtq-youth/>


The Trevor Project. (2021). Estimate of How Often LGBTQ Youth Attempt Suicide in the U.S. <https://www.thetrevorproject.org/research-briefs/estimate-of-how-often-lgbtq-youth-attempt-suicide-in-the-u-s/>

The Trevor Project. (2021). 2021 National Survey on LGBTQ Youth Mental Health. [https://www.thetrevorproject.org/survey-2022/assets/static/trevor01\\_2022survey\\_final.pdf](https://www.thetrevorproject.org/survey-2022/assets/static/trevor01_2022survey_final.pdf)


The Trevor Project. (2022). 2022 National Survey on LGBTQ Youth Mental Health. [https://www.thetrevorproject.org/survey-2022/assets/static/trevor01\\_2022survey\\_final.pdf](https://www.thetrevorproject.org/survey-2022/assets/static/trevor01_2022survey_final.pdf)

Toomey, R. B., Ryan, C., Diaz, R. M., & Russell, S. T. (2011). High school gay-straight alliances (GSAs) and young adult well-being: An examination of GSA presence, participation, and perceived effectiveness. *Applied Developmental Science, 15*(4), 175-185.

Mynd 1: Fjöldgun ráðgjafatíma



Mynd 2: Fræðsluerindi á ári (um 33 einstaklingar sitja hvert fræðsluerindi)



Mynd 3: Meðaltalsmæting í ungmennastarf (í viku)

